

Geislinn.

Eftir *Kristinn Stefánsson*.

Ofur lítill, lófastór, ljómandi blettur, eins og svolítill sólar-ey, er ljósgeislinn, sem morgunsólin varpar inn með gluggatjaldinu, á vegginn, fyrir ofan rúmið mitt.

Sólar-ey, — —

Geislinn er orðinn að eyju og veggurinn umhverfis hann að hafi.

Eg horfi á litlu, ljósu eyna mína. Það ganga smámsaman yfir hana dökkar öldur, þá daprast hún, en þess á milli er hún glóbjört eins og frelsið. Það eru skýjaskuggarnir, sem, einnig hér, líða yfir þetta ljóssins land.

Ímynd eylandsins ljósa, ert þú, ársólar ljósgeislinn ljúfi.

Þú minnir á ættlandið æskuminninganna, með dalina barmafulla af júní-sólskini og heiðan daghimin yfir heiðum fjöllum.

Liðnir dagar renna upp í röð, með lífi og litbreytingu.

Leiksviðin, daladrengsins, blasa við hugarsjónum og hláturinn léttu bergmála björgin. Smalabirgið er að vísu hrunið, en fegurð fjallsins breiðir enn þá út faðm-inn og segir:

“Vertu velkominn!”

Litli lækurinn, tær eins og falslaus trygð, hoppar enn þá um lyngi vaxna heiðardragið, og niðurinn liður rólega, blíðlega upp til næstu háfjalla og rödd í honum segir: “Þessi staður heyrði hjartaslög þín, fyrir mörgum árum, þar sem mætast lækjarniður og lóukvak.”

Ljúfur og þíður andblær leggur inn dalina með heilsan frá hafinu.

Og hvönnin hnegir höfuðið í gilhvamminum græna.

Fyrir handan fjallið liggur sjórinn stálgrár, eins og ógurlega stór hringabrynja, til hvatar og stælingar því lífsafli, sem trúir á mátt sinn og megin.

Punglyndislegur raunasvipur hvílir yfir sveitinni, mók-blandinn og deyfðarlegur, eins og þreytusvipur uppgefins manns.

Þar niðri eru enn fáir komnir á fætur, til þess að dást að dýrð landsins síns.

Túnin langa til að leggja undir sig holtin, ræktarlaus og öskugrá. Þau langa til þess að þenja sig út að landamerkjum. Þau kalla hljóðlausri röddu inn í bæina á hjálp, en þaðan kemur ekkert svar. Og holtin góna grett út í sólskinið og kæra sig kollótt. Þau eru vana-föst og láta ekki undan síga fyrir-varalaust. Fögur og látlaus söng rödd ómar neðan frá hlíðinni.

Þar er brot af hinni nýju kynslóð, nokkrir unglingar, sem höfðu komist út, — út í morgunloftið tárhreina, og fengust ekki til þess að sofa lengur.

Hugir þeirra eru eins og víðsýnið og vonirnar, sem sumardagur ofinn í skin og skúr, en heitar af hjartablóði söngsins. Og það er eins og klettarnir taki fegins-hendi móti söngnum og morgunsólskininu. Því þeir endurhljóma ljóðið skýrt og greinilega.

Skal það ekki líka berast niður til bæjanna?

Eg vildi það vekti þá, sem sofa!